

Eldtreg gólfefni, G.

Í grein 150 í Byggingarreglugerð er fjallað um eldtreg gólfefni, G.

Gólfefni flokkast í eftirfarandi flokka samkvæmt ÍST EN 13501-1: A_{1fl}, A_{2fl}, B_{fl}, C_{fl}, D_{fl}, E_{fl}, F_{fl}.

Flokkarnir A_{1fl}, E_{fl}, og F_{fl} tengjast ekki undirflokki en A_{2fl}, B_{fl}, C_{fl}, og D_{fl} tengjast undirflokkum s1 og s2 fyrir reyk.

Gólfefni skulu flokkast a.m.k. sem D_{fl}-s1. Brunamálastofnun setur nánari reglur eða skilyrði um fyrirkomulag og frágang gólfefna.

Viðmiðun:

Dæmi um brunatæknilega heppileg gólfefni:

- a. Múrhúðun, terrazzo.
- b. Linoleumgólfdukur. Mesta þykkt 7 mm.
- c. Vinylgólfdukur. Mesta þykkt 4 mm.
- d. Asfaltsteypa. Asfalt í hæsta lagi 15% af heildarmagni.
- c. Gólfteppi, sérstaklega eldvarin. Slík teppi skulu viðurkennd af Brunamálastofnun.
- f. 22 mm þykk, plægð gólfborð.
- g. Timburparket, sem fellur þétt að óbrennanlegu undirlagi.